

91. Hágöngur¹

Hágöngur eru um 40 km norðaustur af Þórisvatni. Háhitasvæðið er að hluta til undir Hágöngulóni. Á svæðinu er megineldstöð, um 10 km í þvermál og er ekki ólíklegt að í henni sé askja þótt hún sjáist ekki. Til þess benda líparítmyndanir sem raða sér á hálfboga (m.a. Nyrðri- og Syðri-Hágöngur). Ekkert hefur gosið þarna á nútíma. Allt svæðið vestan Köldukvíslar er þakið jökulruðningi og móbergsmýndanirnar bera það með sér að jökull hafi smurt þær móbergsklíningi, sem bendir til tiltölulega háa aldurs (Haukur Jóhannesson og Guðmundur Ómar Friðleifsson 2006).

Yfirborðsjarðhiti er fyrst og fremst á þremur stöðum og tveir þeirra lentu undir vatni er Hágöngulón var fyllt. Þriðji staðurinn er vestast í Sveðjuhrauni. Köld eldri ummyndun hefur fundist á allnokkru svæði, einkum við Kvíslarhnúka norðaustan við Hágöngulón en einnig við Hágöngurnar sjálfar.

Landsvirkjun hefur hafið rannsóknir á háhitasvæðinu, og þegar borað þar eina djúpa rannsóknarholu (1. mynd). Stærð þess hefur verið áætluð a.m.k. 30 km² á grundvelli viðnámsmælinga (Ragna Karlsdóttir 2007). Ekki er talið að tilvist lónsins muni hafa áhrif á nýtingu háhitans. Sem stendur telur Landsvirkjun að virkjun yrði staðsett nærri austurbakka vatnsins, annaðhvort á Sveðjuhrauni eða á norður”bakka” Köldukvíslar, en frekari rannsóknir þarf til nánari staðsetningar.

Til skamms tíma hafa bæði virkjun háhita við Hágöngur og virkjun vatnsafls í Köldukvíslarveitu frá Hágöngulóni gengið undir nafninu Hágönguvirkjun. Ákveðið hefur verið að háhitavirkjunin haldi nafninu en vatnsaflsvirkjunin, sem staðsett verður vestan undir Skrökkköldu við Svörtubotna muni fá nýtt nafn eftir staðháttum þar. Hún er hér nefnd Skrokkkölduvirkjun.

Kennistærðir

Afl og orka


Stærð	~30 km ²
Uppsett afl; 1. áfangi	45 MW _e
“ 2. áfangi	2x45 MW _e
Orkugeta alls	~1.100 GWh/a

Borholur

Rannsóknarholur	
Núverandi vinnsluholur	1
Fyrirhugaðar vinnsluholur	20

<i>Hagkvæmniflokkur</i>	2
--------------------------------	---

¹ Landsvirkjun Power, 2009. Hágönguvirkjun. Lýsing virkjunarsvæðis. Skýrsla LV-2009/042. Apríl 2009.



Framkvæmdasvæði í Köldukvíslarbotnum Mörk rannsóknarsvæðis.

Dags, 9.7.2003 ThTh
e. 7.4.2009

